

Mál nr. 170/2016

M

og

váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Árekstur á bifreiðastæði við verslun Krónunnar við Þjóðhildarstíg í Reykjavík 2.2.2016.**Gögn.**

Málskot, móttækið 1.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 16.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á bifreiðastæðinu eftir að A hafði verið ekið aftur á bak úr stöðureit upp við húsið og B var ekið til austurs eftir bifreiðastæðinu hægra megin fram með A. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra framhjól B. Bjart var af degi og hálka þegar áreksturinn varð.

Í skýrslu sem tekin var af ökumönnum á vettvangi er haft eftir ökumanni A að hann hafi bakkað úr stöðureit og stöðvað. Er hann hafi ætlað að fara af stað aftur hafi B komið hægra megin við sig og sveigt fram fyrir A og upp á gangstéttina. B hafi svo verið lagt í stæði austast á bifreiðastæðinu. Í málskoti kemur fram að ökumaður A kveðst hafa bakkað úr stöðureitnum og því næst tekið af stað en á sömu stundu hafi B verið ekið hægra megin við hann.

Eftir ökumanni B er haft í fyrrgreindri skýrslu, sem gerð var á vettvangi, að hann hafi komið inn á bifreiðastæðið og séð að A hafði verið bakkað úr stöðureit fyrir fatlaða yfir planið. A hafi svo verið ekið af stað þegar hann hafi verið að aka hægra megin við A. Kvaðst ökumaðurinn hafa séð að ökumaður A hafi ekki séð sig svo hann hafi ekið upp á gangstéttina en A hafi lent á framdekki B.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins hafði ökumaður A bakkað úr stöðureit og ekið svo af stað án þess að hafa gefið annarri umferð nægilegan gaum en í sömu andrá var B ekið fram með A. Þá hélt ökumaður B ferð sinni ótrauður áfram eftir bifreiðastæðinu þótt hann hafi séð að A hafði verið ekið úr stöðureit og myndi í framhaldinu verða ekið áfram. Verður að telja að hvorugur ökumanna hafi sýnt þá tillitssemi og varúð sem af þeim mátti krefjast svo eigi myndi leiða til hættu eða valda tjóni eða óþægindum, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Báðir ökumenn eiga því sök á árekstrinum og með hliðsjón af atvikum öllum, sbr. 89. gr. ufl., þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.